

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0030
IAS

Efni: Lýsing. Aðalskipulagsbreyting. Sandártunga – skilgreining efnistökusvæðis.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps í gegnum skipulagsgátt frá 8. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna lýsingar á breyttu aðalskipulagi vegna efnistökusvæðis í Sandártungu.

Skilgreint er nýtt efnistökusvæði í Sandártungu í Þjórsárdal þar sem heimilað verður að taka allt að 200.000 m³ á um það bil 7 ha svæði. Fram kemur að efnistökusvæðið er í Búrfellshrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013), og við svæðið er að finna þrjú vatnshlot skv. vatnavefsjá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Efnistökusvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis: Suðurlandsundirlendi, en það kemur ekki fram í lýsingunni og þar er ekkert fjallað um fuglalíf á svæðinu.

Fyrirhugað er að taka allt að 200.000 m³ á um 7 ha svæði og því má gera ráð fyrir að dýpt námu verði að meðaltali um 3 m niður fyrir núverandi yfirborð. Þar sem jaðar svæðisins er aðeins um 30 m frá Þjórsá og um 50 m frá Sandá er möguleiki á að þessar ár flæði inni á efnistökusvæðið. Ekki kemur fram í lýsingunni hvernig frágangi verður háttáð, hvorki á vinnslustigi né að efnistöku lokinni.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

